

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson,
skipulagsfræðingur
Skúlatúni 2
105 Reykjavík



Reykjavík, 11. júlí 2008
Tilvísun: UST20080300097/sf

Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Sundagöng

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, dags. 5. júní sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur er varðar legu 1. áfanga Sundabrautar, ásamt umhverfisskýrslu.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og umhverfisskýrslu.

Skipulagstillaga

Í greinargerð kemur fram að við mat á umhverfisáhrifum breytingarinnar er lögð áhersla á samanburð Sundaganga við staðfesta legu Sundabrautar á leið I (hábrú) samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, þ.e. hvaða afleiðingar hefur breytingin í för með sér og hvernig breytast umhverfisáhrifin. Einnig kemur fram að samanburður við leið III, eyjalausn, sé fyrst og fremst settur fram í framkvæmdinni sjálfri.

Í greinargerð með aðalskipulaginu eru tíunduð helstu umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar og segir þar m.a. að þegar á heildina sé litið vegi jákvæð áhrif breytingar þyngra en hugsanleg neikvæð áhrif. Hugsanleg neikvæð áhrif breytingar verði skoðuð nánar í mati á framkvæmdinni og í mörgum tilvikum megi mæta þeim með mótvægisáðgerðum, sem felist í hönnun og útfærslu framkvæmdarinnar og aðgerðum eftir að framkvæmd er lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að erfitt er fyrir íbúa að gera sér vel grein fyrir hvaða áhrif skipulagsbreytingin hefur í einstökum íbúðarhverfum, sbr. athugasemdir við umfjöllun um hljóðvist í umhverfisskýrslu hér á eftir.

Landfylling við Laugarnes

Í greinargerð með breytingu á aðalskipulaginu segir m.a. að landfylling við Laugarnes og útfærsla gangamunna geti haft í för með sér nokkra röskun á náttúrulegri strandlengju (verndarsvæði sbr. aðalskipulag) og að gæta þurfi að nálægð við menningarminjar. Tekið er fram að landfyllingin muni þó að lang stærstum hluta leggjast að manngerðri strönd. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tillögu að matsáætlun fyrir Sundabraut 1. áfanga,

Sundagöng og Eyjalausn, frá mars 2008 kom fram að óröskuð strönd væri utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sbr. eftirfarandi:

„Gert er ráð fyrir að vestur-munni Sundaganga verði á um 7 hektara fyllingu sem liggur frá gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Sæbrautar að Laugarnesi vestanverðu. Ströndin sem landfyllingin tengist er manngerð. Norðar og austar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, þar sem komið er inn á Laugarnesið er ströndin að mestu óröskuð, eitt fárra slíkra svæða í Reykjavík.“

Strandlengju Reykjavíkur hefur að mestu leyti verið raskað með ýmis konar framkvæmdum. Umhverfisstofnun telur því að vernda eigi þá strönd sem enn er að mestu óröskuð innan Reykjavíkur og hafa það að markmiði við útfærslu Sundabrautar.

Umhverfisskýrsla

Matsvinna og forsendur

Í umhverfisskýrslunni segir m.a.:

„Um Eyjalausnina er fjallað eftir því sem við á, en almennt er í skýrslunni fjallað um brúalausn og er þá bæði átt við hábrú og eyjalausn. Ástæðan er að almennt er óverulegur munur á áhrifum þessara lausna.“

Umhverfisstofnun telur að ekki sé hægt út frá áhrifum á náttúrufar, sjónræn áhrifum og áhrifum á skipaumferð að fullyrða að almennt sé óverulegur munur á áhrifum fyrrgreindra lausna, sbr. t.d. umfjöllun í úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum 1. áfanga Sundabrautar frá 19. nóvember 2004. Stofnunin telur að rökstyðja verði frekar framangreinda fullyrðingu.

Hljóðvist

Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur m.a. fram að breytt gatnaskipulag í Grafarvogi í Sundagangalausn geti leitt til þess að umferð aukist á Strandvegi, miðað við hábrúarlausn, með tilheyrandi áhrifum á hljóðvist og loftgæði. Í umfjöllun um samgöngur í umhverfisskýrslu kemur fram að umferðarlíkan gefi vísbendingu um einhverja aukningu í gegnumakstri um Strandveg vegna tilkomu ganga og óverulega aukningu um Borgarveg. Í umfjöllun hljóðvist kemur m.a. fram að ályktað er að hávaði muni fara yfir viðmiðunarmörk á nokkrum stöðum. Sérstaklega þurfi í því samhengi að skoða áhrif hávaða frá aukinni umferð um Strandveg í Grafarvogi og við Vogarhverfið meðfram Sæbraut. Í umhverfisskýrslunni segir enn fremur að nauðsynlegt sé að skoða umfang hávaða betur á stigi mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og skilgreina mótvægisáðgerðir.

Umhverfisstofnun telur að æskilegt hefði verið að fjalla með ítarlegri hætti um hljóðvist í umhverfisskýrslu, s.s. leggja fram mat á því hversu mikið yfir viðmiðunarmörk umferðarhávaði gæti farið og sýna á korti hvar líklegt er að hávaði fari yfir viðmiðunarmörk. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt gr. 3.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsóknum og hávaðamælingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og álitni viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags.

Auk þessa vekur Umhverfisstofnun athygli á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal

sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Umhverfisstofnun hefur því lagt áherslu á að í aðalskipulagstillögum sé fjallað um umferðartölur um helstu þjóðvegi í viðkomandi sveitarfélagi og að birtar séu spár um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra.

Þar sem áhrif á hljóðvist færast til við breytingu á útfærslu Sundabrautar og talið er að hljóðvist fari yfir viðmiðunarmörk á nokkrum stöðum telur Umhverfisstofnun að gera verði íbúum viðkomandi hverfa vel grein fyrir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru og áhrifum þeirra þegar á skipulagsstigi. Stofnunin vekur athygli á að hljóðvist skiptir íbúa í þéttbýli sífellt meira máli og er sá þáttur framkvæmda sem íbúar láta sig ekki síst varða. Mótvægisgerðir vegna hljóðvistar, þ.e. hljóðvarnir og sjónræn áhrif þeirra, sem og áhrif á útsýni, eru þar með aðgerðir sem mikilvægt er að kynna íbúum og hafa við þá samráð um. Þar sem ítarlegri umfjöllun um hljóðvist er vísað yfir í mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í því mati verði fjallað með ítarlegum og fullnægjandi hætti um hljóðvist í þeim hverfum þar sem talið er að umferð muni aukast í kjölfar lagningar Sundabrautar og að skilgreint áhrifasvæði framkvæmdarinnar markist af því.


Loftgæði


Í umfjöllun um loftgæði segir m.a. í umhverfisskýrslu: „Leitað var til Umhverfisstofnunar til þess að fá faglegt álit um þessi mál og litið til niðurstaðna mats á umhverfisáhrifum frá árinu 2004.“

Umhverfisstofnun vill taka fram að stofnunin hefur ekki veitt faglegt álit á mati á umhverfisáhrifum loftgæða vegna framkvæmdarinnar eða umfjöllun um loftgæði í umhverfisskýrslu. Á fundi með starfsmönnum frá VSÓ þann 17. apríl sl. var hins vegar rætt um hvaða þættir varðandi loftgæði skiptu væntanlega mestu máli og hvernig mætti hugsanlega fjalla um þá í umhverfisskýrslu vegna breytingar á aðalskipulagi. Umhverfisstofnun fer því fram á að fyrri hluti ofangreindrar setningar verði tekinn úr umhverfisskýrslunni til að koma í veg fyrir misskilning.

Umhverfisstofnun vill taka fram að stofnunin áskilur sér rétt til athugasemda við framkvæmdina sjálfa á síðari stigum.

Virðingarfyllt


Sigrúros Friðriksdóttir
fagstjóri


Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri